

Fjármálaráðuneytið og Fasteignir ríkissjóðs gera með sér svohljóðandi samning um árangursstjórnun

1. Tilgangur

Í samningi þessum er kveðið á um hlutverk Fasteigna ríkissjóðs (FR) og samskiptaferli milli stofnunarinnar og ráðuneytisins fest í sessi.

Jafnframt er kveðið á um gagnkvæmar skyldur fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs við útfærslu á hlutverki og verkefnum stofnunarinnar ásamt því sem samningurinn leggur grunn að áætlunargerð og mati á árangri af starfseminni.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri Fasteigna ríkissjóðs né þeim stjórnsýsluskyldum sem ráðherra og stofnunin hafa lögum samkvæmt.

2. Hlutverk

Hlutverk Fasteigna ríkissjóðs er sérhæfð, fagleg og hagkvæm umsýsla þeirra fasteigna í ríkiseigu sem þeim er falin þannig að stofnanir ríkisins búi á hverjum tíma við hentugt og gott húsnæði.

3. Verkefni

Helstu verkefni FR eru að:

- Hafa fyrir hönd ríkissjóð almennt fyrirvar þeirra fasteigna sem henni er formlega falin umsjón með.
- Hafa með höndum útleigu á fasteignunum til stofnana ríkisins eftir ákvörðun fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fagráðuneytis.
- Hafa með höndum umsjón, eftirlit og bera ábyrgð á viðhaldi og rekstri fasteignanna.
- Hafa umsjón með nauðsynlegum breytingum, endurbótum og lagfæringum á eignunum þannig að þær nýtist sem best starfssemi leigjenda eða nauðsynlegar eru til að uppfylla lagaskilyrði.
- Hafa með höndum umsjón og endurleigu á húsnæði sem stofnuninni er falið að taka á leigu á almennum markaði.
- Sjá um að nýting á húsnæði stofnunarinnar sé með eins hagkvæmum hætti og mögulegt er og leggja með reglulegu millibili fram tillögur til fjármálaráðuneytisins um tiltekna nýtingu eða aðra ráðstöfun vannýttis húsnæðis stofnunarinnar.
- Hafa umsjón með yfirferð og leiðréttingu upplýsinga í fasteignaskrá ríkisins, eftir nánari ákvörðun.
- Veita fjármálaráðuneytinu ráðgjöf um fasteigna- og leigumálefni sé eftir því leitað.

4. Markmið og áherslur

Fjármálaráðuneytið og Fasteignir ríkissjóðs hafa sett sér eftirfarandi markmið:

- Að FR sé hágæða þjónustustofnun á sviði fasteignaumsýslu.
- Að FR vinni ávallt að bættu verklagi og samræmdum vinnubrögðum við fasteignaumsýslu ríkisins.
- Að FR taki mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál.
- Að FR geri langtíma viðhaldsáætlanir um einstakar byggingar og byggingarflokka.
- Að FR stuðli að hámarksnýtingu á húsnæði ríkisins.
- Að FR stuðli að því að ávallt sé gætt hagkvæmni, jafnræðis og faglegra vinnubragða við fasteignaumsýsluna og að stofnunin gæti hagsmuna ríkisins í heild sem og hlutaðeigandi leigjanda.

Fjármálaráðuneytið og Fasteignir ríkissjóðs eru sammála um að á næstu árum verði lögð áhersla á:

- Að FR stuðli eins og kostur er að aukinni samkeppni með útboðum og verðkönnunum á verkefnum sínum.
- Að FR stuðli að því að notuð séu orkusparandi og vistvæn efni við fasteignaumsýsluna og að vinnuumhverfi, útlit og umhverfi fasteignanna sé eins og best verður á kosið.
- Að fasteignum í umsýslu stofnunarinnar verði fjölgað markvisst.
- Að FR vinni markvisst að málum er snúa að starfsumhverfi, endurmenntun, starfsþróun og jafnréttismálum starfsmanna.
- Að FR sýni frumkvæði í notkun upplýsingatækni á sínu sviði í samræmi við stefnu stjórnvalda í upplýsingamálum.

5. **Gagnkvæmar skyldur og ábyrgð samningsaðila:**

Fasteignir ríkissjóðs skal:

- Fyrir 1. mars 2005 setja fram drög að langtímaáætlun til næstu fimm ára, um helstu verkefni, forgangsröðun og áherslur á tímabilinu 2005-2009.
- Fyrir 1. mars 2005 gera jafnréttisáætlun og senda jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins eintak hennar.
- Í desembermánuði ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun og tiltekin markmið og mælikvarða innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.
- Skila í mars ár hvert ársskýrslu til ráðuneytisins sem gerir grein fyrir árangri í starfsemi stofnunarinnar undanfarið ár með samanburði við þau markmið sem birt eru í ársáætluninni ásamt rekstraruppgjöri.
- Gæta hagkvæmni í rekstri ásamt því að gæta þess að ekki verði rekstartap af starfseminni.

Fjármálaráðuneytið skal:


- Leiðbeina stofnuninni um forsendur vegna stefnumörkunar og vekja athygli á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið stofnunarinnar.
- Taka innan 30 daga afstöðu til þeirrar markmiðssetningar, forgangsröðunar og mælikvarða sem fram koma í áætlunum stofnunarinnar og koma sjónarmiðum ráðuneytisins á framfæri vegna þess.
- Halda fund með forstöðumanni ár hvert í kjölfar þess að stofnunin skilar ársskýrslu þar sem árangur ársins á undan er ræddur og langtímaáætlun stofnunarinnar skoðuð í því ljósi.
- Stuðla að því að leiguverð stofnunarinnar sé ákvarðað með þeim hætti að það standi undir rekstri stofnunarinnar og verkefnum hennar.
- Tryggja lagagrundvöll Fasteigna ríkissjóðs og fasteignaumsýslu ríkisins.

6. **Gildistími**

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2005. Gildistíminn er fimm ár. Samninginn skal endurskoða ef annar hvor samningsaðila óskar þess. Vinna við endurskoðun samningsins skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur.

Reykjavík, 4. janúar 2005

Fjármálaráðherra



Frankvæmdastjóri FR

